



# Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 11. desember 2013

**Fundarboðari:** Gyða Steinsdóttir

**Fundarritari:** Gyða Steinsdóttir

## Mættir:

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, formaður Framkvæmdaráðs og fundarstjóri  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar  
Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps  
Egill V. Benediktsson, oddviti Helgafellssveitar

**Fundarstaður og tími:** Ráðhús Stykkishólms, 11.12.2013 kl. 11:00

## Dagskrá:

### 1) Svæðisgarður – rekstur 2014.

Rætt var um verkefnið Svæðisgarð, farið yfir drög að tillögum stýrihóps og framtíð verkefnisins rædd. Fulltrúar allra sveitarfélaga á Snæfellsnesi gera ráð fyrir áframhaldi verkefnisins. Ákveða þurfi formleg skil verkefnisins og rekstur fari til sveitarfélaganna.

### 2) Byggðasafn fjárhagsáætlun 2014

Drög að áætlun framlögð. Umræður urðu um tillögur forstöðumanns vegna rekstrar ársins 2014. Samþykkt var að bæta við áætlun vegna bættrar starfsaðstöðu.

### 3) Umhverfissvottun fjárhagsáætlun 2014

Farið var yfir drög að áætlun ársins 2014. Ef styrkur fæst ekki frá Umhverfissráðuneytinu hækkar framlag sveitarfélaga töluvert á milli ára.

**Fundi slitið kl.:** 12:15